

1870.

8. febrúar.

6. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um bænarskrá lyfsalans í Reykjavík, um flutning á lyfjum kauplaust með póstskipinu.

Aðalpóststjórnin hefir hingað sent bænarskrá, sem henni hafði borizt frá lyfsala Randrup í Reykjavík, um það, að þegar póststjórnin tekur að sér í vor er kemur póstferðirnar milli Danmerkur og Íslands, þá fái hann eins og áður kauplaust aðflutt frá Kaupmannahöfn lyf þau, sem hann hefir pantað þar; jafnframt hefir aðalpóststjórnin getið þess, að það væri tilkynnt beiðandanum, að hún gæti ekki veitt honum þetta hið umbeðna, en henni fyndist samt ástæða til að bera málið undir stjórnarráðið, og hafi því skotið málinu til úrskurðar þess.

Útaf þessu mælist stjórnarráðið til, að þér, herra stiptamtmaður, tilkynnið lyfsala Randrup, að þaræð ekkert framar verður flutt kauplaust með póstskipinu, eptir því, sem nú er verið póstsamgöngunum, og það liggur í augum uppi, að stjórnarráðið getur ekki tekið að sér að borga fyrir flutning á lyfjum hans, sér það sér heldur eigi fært, að gjöra nokkuð við þetta mál.

8. febrúar.

7. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um kvörtun prests yfir veitingu á brauði.

Í bréfi, dagsettu 22. septbrm. f. á., hafði þér, herra stiptamtmaður, og þér, háeruverðugi herra, sent hingað með álitum yðar um kvörtun frá Eggert presti Sigfússyni, er hafði fengið Hof og Spákonufell í Húnavatnssýslu í fyrra, 24. ágúst, og vígzt þangað 29. sama mánaðar, yfir því, að sér hafi verið neitað um veitingu á öðru brauði, Teig og Eyvindarmúla í Rangárvalla-sýslu, er hann nokkrum dögum eptir sótti um þetta brauð, áður en hann var búinn að taka við hinu brauðinu; og sömuleiðis fyrirspurn hans um það, hvort hann ætti ekki eptir lögum og í raun rætti tilkall til veit-